



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning í landi Tungu í
Skutulsfirði vegna deiliskipulags*

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
Atli Rúnarsson

Maí 2025

NV nr. 15-25


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Maí 2025
Skýrsla nr: 15-25	Verknúmer: 697	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig: Loka	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Tungu í Skutulsfirði vegna deiliskipulags		Unnið fyrir: Verkís
Höfundur: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning í landi Tungu í Skutulsfirði vegna deiliskipulags. Deiliskipulagið er ekki tilbúið þannig ekki var hægt að segja til um hvort minjum myndi stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Alls voru skráðar 9 minjar.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirfarið af: KSR

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Aðferðafræði	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráningar	5
2.2	Skráning fornleifa	6
3.	Framkvæmdasvæðið	7
3.1	Saga Tungu í Skutulsfirði	7
3.2	Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis	8
4.	Niðurstöður	17
5.	Heimildaskrá.....	18
6.	Kort.....	19

1. INNGANGUR

Að beiðni Gunnars Páls Eydal hjá Verkís gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna deiliskipulagsreits í landi Tungu í Skutulsfirði. Gert er ráð fyrir að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar. Svæðið er 5 ha að stærð og liggur innan við núverandi íbúðabyggð í Tungudal í Skutulsfirði og einkennist af túnum, fyrri landbúaðarnýtingu og úthaga syðst á svæðinu. Skipulagssvæðið afmarkast af Vestfjarðarvegi (60), golfvelli til norðurs og vesturs, og núverandi íbúðarbyggðar í Tunguhverfi til austurs.¹



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulum punkti.

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 15.5.2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi sem sá einnig um skýrslu- og kortagerð ásamt Kristínu Sýlvíu Ragnarsdóttur fornleifafræðingi.



Mynd 2. Áætluð afmörkun skipulagssvæðisins (Skipulagslýsing. Tunguhverfi, innri hluti Deiliskipulag.2024.. bls.2)

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð og var stuðst við þá skráningu, en sú skráning uppfyllti ekki nýja staðla Minjastofnunnar um skráningar á

¹ Skipulagslýsing. Tunguhverfi, innri hluti Deiliskipulag.2024..

fornminjum.² Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða

² Sjá: Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002 & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2014

framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið **3430** og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3430-001.

3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

3.1 Saga Tungu í Skutulsfirði

Tunga í Skutulsfirði kemur fyrst fram í máldaga frá 1286. Þar segir „Máldagi Mariukirkju á Eyri í Skutulsfirði [er Árni biskup Þorláksson setti]. [...] Maríu kirkia a eyri j skutilz firdi á ij luti j heima landi: og þeim kýr: cc eina og fim hundrud frrijd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. Hocul altara klædi ij: munlogar ij. Oc glodaker: tijundir af x bolum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ij lutum j attredmijngi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera pr[restr] heijmilisfastur oc taka fiorar merkur."³

Tunga er nefnd í Vilchinsbók frá árinu 1397; „Mariukirkia a Eyri j Skutilsfirdi oc hins heilaga Jons postula a heimaland allt [...] Skogur j Tungulandi firir ofann þvera torfskurð ij hluter attfedmings."⁴

Tunguland kemur fram í vitnisburði Þorláks Auðunarsonar frá 27. Mars 1508. Þar segir; „Vitnisburður Þorláks Auðunarsonar um skóginn í Botnsdal í Tungulandi í Skutulsfirði, sem er eign Kirkjubólskirkju [...] Suo felldan uitnisburð ber eg þollakur audunarson at skogr sa sem ligr j bozdal j tungu jord sem liggr j skutulsfirde j eyrar kirkiu sokn uar halldin fullkomlig eign kirkiubols [...]."⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1710 er jörðin metin á 24 hundruð að dýrleika og var eyðihjáleigan Kornastaðir talin með. Þar segir; Tunga. Hjer hefur verið bænhus. Jarðardýrleiki xxiii c, og so tíundast 4 tíundum. [...] Leigukúgildi v, 2 hjá Þorláki, ij hjá hverjum hinna [...] Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga engin nýtileg. [...] Kornastader. Fornt eyðiból hjer í landinu, og sjást hjer ljós byggingamerki af tótarústum og túngarðsleifum, en ekki vita menn annað til þess að hjer hafi bygð verið, en hvað sýnilegt er á þessum byggingaleifum og líklegt er af nafninu sjálfu. Ekki má hjer aftur byggja því heimajörðin má ekki heyskaparins án vera.⁶

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er Tunga í Skutulsfirði metin á 24 hundruð, landskuld 1.60 og kúgildin 4. Þar segir í neðanmálgrein að árið 1805 er eyðihjáleigan hjáleigan talin með.⁷

Túnastærð Tungu í Eyrarhreppi var um 1/3 slétt. Túnastærð á parti Halldórs var 3.76 ha og matjurtagarðar 690 m². Túnastærð á parti Rósmundar var 3.1 ha og matjurtagarðar 402 m².⁸

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 260

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 140-141


⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 198-199



⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 161-162

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 198

⁸ Túnakort Tungu í Eyrarhreppi.

3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Almennar upplýsingar				
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847	
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga	
Upplýsingar um skráningu				
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93	
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310636	624262	
Upplýsingar um minjar				
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild	
	Tóft	Fjárhús	Búsetuminjar	
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning  Mynd 3. Uppmæling af fjárhúsi [3430-001].		
3430-001	1550-1900			
Veggahæð	Veggjabykkt			
1 – 1.7m	1.2m			
Ástand	Friðlýst			
Vel greinanleg	Nei			
Horfin	Horfin vegna			
Nei				
Hættumat	Hættuorsök			
Engin hætta				
Lýsing				
Í skýrslu frá 2002 fékk fjárhúsið auðkennið ÍS-147:040. Þar var sagt: „Nr. 12 á túnakorti Tungu. Suðvestan við gamla bæjarstæðið. Stendur innan gamla túnstæðisins rétt utan við golfvöllinn. Húsið er ferhyrnt og stendur enn að mest leiti þó svo að þakið sé farið að síga.“ Þakið er nú alveg hrunið inn í tóftina sem er grjóthlaðin og grasivaxin. Veggjahæð er frá 1 – 1.7m og veggjabreiddin er, þar sem hún er greinanleg, um 1.2m. Tóftin er um 9x6m af stærð.				
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir			
 Mynd 4. Horft suður yfir fjárhús [3430-001].	Í smá brekku rétt sunnan við golfvöllinn, um 90m vestan við Hrauntungu 4.			
	Athugasemd			
<th>Heimildir</th>				Heimildir
Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002, bls. 41.				


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310637	624251
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	púst	Heygeymsla	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3430-002	1550-1900	 Mynd 5. Uppmæling af þúst [3430-002].	
Vegghæð	Veggjaþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Smá reitur aftan við fjárhús [3430-002] sem gæti mögulega verið heystæði. Mótar fyrir óreglulegum hleðslum í þýfðu grasinu aftan við tóftina.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 6. Horft NA yfir þúst [3430-002].	Fast sunnan við fjárhús [3430-001].		
	Athugasemd		
	Heimildir		


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310587	624253
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Fjárhús & hlaða	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning  Mynd 7. Uppmæling af fjárhúsi [3430-003].	
3430-003	1550-1900		
Vegghæð	Veggjaþykkt		
1 – 1.4m	1m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í skýrslu frá 2002 fékk tóftin númerið ÍS-147:041. Þar segir: „Nr. 13 á túnakorti Tungu. Suðvestan við gamla bæjarstæðið vestan við nr. 40. Stendur innan gamla túnstæðisins rétt utan við golfvöllinn. Þetta hús hefur áður verið fjárhús og hlaða. Fjárhúsið hefur verið hlaðið að mestu úr grjóti. Hlaðan er ógreinileg.“ Steypt súrheysgryfja er við SA horn fjárhússins og steyppt fjárböð eru í miðju hússins. Veggjahæð er frá 1 – 1.4m og veggjaþykktin er að jafnaði um 1m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 8. Horft í SV yfir fjárhús [3430-003].	Um 40m vestan við fjárhús [3430-001].		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002, bls. 41-42			


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310587	624265
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Hús	Hlaða	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3430-004	1900-	 Mynd 9. Horft SV yfir hlöðu [3430-004].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Steinsteypt uppistandandi hlaða, byggingarár er óvíst en hún er greinilega komin til ára sinna. Sést að hún er steypt úr grjótblandaðari steypu. Stórt op á norður hlið og gluggi á suðurhlið. Bárujárnsklætt mænispak.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 10. Horft NA yfir hlöðu [3430-004].	Fast norðan við fjárhús [3430-003].		
	Athugasemd		
	Heimildir		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310461	624225
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Hleðsla	Stífla	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3430-005	1900-	 Mynd 11. Horft í SA yfir stíflu [3430-005].	
Vegghæð	Veggjaþykkt		
0.1 – 0.7m	0.5m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Hleðsla, líklega lítil stífla sem hefur verndað túnið í leysingum. 1 – 2 umföng af steinum og hún er að hverfa undir gras/gróður. Það sem er sjáanlegt af stíflunni er um 7.5m langt og 0.5m hátt.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 12. Horft í N yfir stíflu [3430-005].	Í grasivaxinni laut um 120m vestan við fjárhús [3430-003]. Sjást ummerki eftir litla læki sem hafa að öllum líkindum myndast í leysingum.		
	Athugasemd		
	Heimildir		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310438	624253
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Steinalögn	Túnahreinsun	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3430-006	1550-1900	 Mynd 13. Horft í austur yfir steinalögn [3430-006].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Ílöng grjóthrúga eftir túnahreinsun. Ekkert sérstakt lag er á henni og grjótinu hefur verið hrúgað þarna.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 14. Horft í vestur yfir steinalögn [3430-006].	Í þýfðri brekkunni um 140m vestan við fjárhús [3430-003].		
	Athugasemd		
	Heimildir		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310693	624176
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Stekkur	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3430-007	1550-1900	 Mynd 15. Uppmæling á stekk [3430-007].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
0.2 – 0.4m	1.1m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í skýrslu frá 2002 fékk stekkurinn númerið ÍS-147:015. Þar segir: „Tungudalsmegin við Vegagerðarhúsin. Við þau eru stekkjartóttir. [...]“ Farið er eftir Skutulsfjarðarbraut að þjóðveginum sem liggur til Önundarfjarðar og Suðurfjarða og er honum fylgt. Rétt áður en komið er að Vegagerðarhúsum í Dagverðardal er rúst, 10m frá þjóðveginum. Ferhyrnd grjóthlaðin rúst.“ Stekkurinn er grjóthlaðinn og grasivaxinn með inngang á suður hlið. Veggjahæð hans er frá 0.2 – 0.4m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1.1m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 16. Horft vestur yfir stekk [3430-007].	Í þýfðu graslendi um 15m norðan við Vestfjarðaveg.		
	Athugasemd		
	Utan svæðis		
	Heimildir		
Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002, bls. 36 Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2014, bls. 7			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310744	624207
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Óþekkt	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3430-008	1550-1900	 Mynd 17. Uppmæling af tóft [3430-008].	
Vegghæð	Veggjabykk		
0.2 – 0.4m	0.6m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna rasks		
Lýsing			
Tóft með óþekkt hlutverk. Inngangur í SA horni tóftarinnar. Stærðarinnar bjarg hefur verið nýtt sem hornsteinn í NV horni hennar. Grjóthlaðin og grasivaxin. Veggjahæð er frá 0.2 – 0.4m og veggjabreidd að jafnaði um 0.6m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 18. Horft vestur yfir tóft [3430-008].	Tóftin er þétt upp við göngustíg sem liggur inn dalinn.		
	Athugasemd		
	Utan svæðis		
	Heimildir		

Almennar upplýsingar				
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847	
Ísafjörður	Ísafjarðarbær	Tunga	Tunga	
Upplýsingar um skráningu				
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93	
Atli Rúnarsson	15.5.2025	310696	624217	
Upplýsingar um minjar				
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild	
	Tóft	Óþekkt	Búsetuminjar	
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning		
3430-009	1550-1900	 Mynd 19. Uppmæling af tóft [3430-009].		
Vegghæð	Veggjabykk			
1 – 1.2m	1			
Ástand	Friðlýst			
Vel greinanleg	Nei			
Horfin	Horfin vegna			
Nei				
Hættumat	Hættuorsök			
Mikil hætta	Vegna skógræktar			
Lýsing				
Í skýrslu frá 2002 fékk tóftin númerið ÍS-147:039. Þar segir: „Nr. 11 á túnakorti Tungu. Beint suður af bænum, í brekkunni sunnan við Tungu. Ferhyrnd einhólfa rúst með inngangi norðanmegin.“ Tóftin virðist grjóthlaðin og er grasivaxin. Inngangur á miðju norður vegg. Veggjahæð er frá 1 – 1.2m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1m. Tóftin telst í mikilli hættu vegna reynitrés sem vex í suðurvegg hennar.				
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir			
 Mynd 20. Horft SV yfir tóft [3430-009].	Tóftin er um 15m norðan við göngustíg og um 65m SV við Hrauntungu 4.			
	Athugasemd			
<th>Heimildir</th>				Heimildir
Ragnar Edvardsson og Ruth A, Maher, 2002, bls. 41				

4. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru níu minjar skráðar og þar af voru tvær þeirra rétt utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þar sem skipulagið er ekki klárt fyrir svæðið er ekki hægt að segja til um hvort minjarnar muni verða í beinni hættu vegna framkvæmdanna eða ekki.

Allar minjarnar tengjast búskapi á Tungu á einn eða annan hátt, t.a.m. eru innan svæðisins tvenn fjárhús og hlöður [3430-001, 003, 004] og rétt utan við svæðið er stekkur. Einnig eru þarna minjar sem tengjast túnrækt á Tungu, steinalögn eftir túnahreinsun [3430-006] og líkleg stífla sem hefur varið túnið í leysingum[3430-005].

Elsta heimild um Tungu er frá 1286 og er því vert að minnast á að minjar geta alltaf fundist undir sverði, sérstaklega á svæðum sem hafa verið sléttuð. Í menningarminjalögum segir að ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdina strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands sem mun taka ákvörðun um framhaldið.

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2014). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra breytinga á Ísafjarðarlínu í Skutulsfirði og Önundarfirði.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. (2002). *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands SES.

(2024). *Skipulagslýsing. Ísafjarðarbær. Tunguhverfi, innri hluti. Deiliskipulag.* Reykjavík: Verkís.

Óútgefnar heimildir


Túnakort Tungu í Eyrarhreppi. (1922). Sótt af manntal.is

6. KORT



Skýringar

- Staðsetning minja
- Flákar
- Afmörkun skipulagssvæðis



Kort af skipulagssvæðinu og skráðum minjum í landi Tungu

Mælikvarði 1:1600 Dags. 22.5.2025 Kort 1

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson